

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. xxxx/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

(Texti sem varðar EES)

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. xxxx/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnarsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB,¹ einkum gr. 8(5) og 10(5),

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Þegar reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var skipt út fyrir reglugerð (EB) nr. 216/2008, var grein 5, sem fæst við lofthæfi, útvíkkuð þannig að hún tæki til þátta í rekstrarhæfismati í útfærslureglunum fyrir tegundaskírteini.
- (3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir kölluð 'stofnunin') hefur þótt nauðsynlegt að leggja til breytingar á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 til að gera stofnuninni kleift að samþykkja rekstrarhæfisögn sem hluta af tegundaskírteinaferlinu.
- (4) Rekstrarhæfisgögnin munu innihalda skylduþætti fyrir grunnlistann yfir lágmarksbúnað (e. Master Minimum Equipment List - MMEL), þjálfun flugáhafnar og öryggis- og þjónustuliða. Þeir verða grundvöllur fyrir þróun á lágmarkslista yfir búnað (e. Minimum Equipment List - MEL) og þjálfunarnámskeið flugrekenda fyrir áhafnir.
- (5) Kröfurnar, sem tengjast því að komið er á laggirnar lista yfir lágmarksbúnað, þjálfun fyrir flugáhafnir og öryggis- og þjónustuliða, vísa í rekstrarhæfisgögnin, en almenn ákvæði eru ekki fyrir hendi í þeim tilvikum þegar rekstrarhæfisgögnin eru ekki fyrir hendi auk almennra upptökuákvæða, sem þarf að bæta við.
- (6) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnarsýslu aðildarríkja nægilegan tíma til þess að aðlagja sig að þessum nýja ramma og til að viðurkenna, við ákveðin skilyrði, gildi leyfa sem gefin voru út fyrir beitingu þessarar reglugerðar.

¹ Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1.

- (7) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem stofnunin gaf út² í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (8) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð eru í samræmi við álit³ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem var komið á fót með grein 65(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (9) Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. xxxx/2012⁴ til samræmis.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Reglugerð (EB) nr. xxxx/2012 er hér með breytt sem hér segir:

1. Grein 8 er skipt út fyrir eftirfarandi:

Grein 8

Listi yfir lágmarksbúnað

Listar yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment lists - MEL), sem samþykktir voru áður en þessi reglugerð tók gildi af ríki, sem flugrekandi heyrir undir eða þar sem hann er skráður, eins og við á, skulu vera taldir samþykktir í samræmi við þessa reglugerð og nota má þá áfram hjá flugrekanda sem hefur fengið samþykkið. Eftir að þessi reglugerð tekur gildi skal sérhver breyting á slíkum lista yfir lágmarksbúnað, þar sem til er grunnlisti yfir lágmarksbúnað sem hluti af rekstrarhæfisgögnum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, fara fram í samræmi við ORO.MLR.105 eins fljótt og kostur er, en ekki síðar en fjórum árum eftir að þessi reglugerð tekur gildi, eða tveimur árum eftir að rekstrarhæfisgögnin voru samþykkt, hvor dagsetning sem er síðar. Hver breyting á slíkum lista yfir lágmarksbúnað, þar sem ekki er til grunnlisti yfir lágmarksbúnað sem hluti af rekstrarhæfisgögnum, skal áfram styðjast við viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað, sem samþykktir eru í ríki þar sem flugrekandi heyrir undir eða þar sem hann er skráður.

2. Eftirfarandi grein 8bis er bætt við:

'Grein 8bis

Þjálfun flugáhafnar og öryggis- og þjónustuliða

Meðlimir flugáhafna og öryggis- og þjónustuliðar, sem hafa lokið þjálfun í samræmi við ORO.FC og ORO.CC, er ekki hafði skylduþættina í viðeigandi gögnum um rekstrarhæfi, skulu ljúka þjálfun sem tekur til allra slíkra skylduþátta. Þessi þjálfun skal fara fram ekki síðar en fjórum árum eftir að þessi reglugerð tekur gildi eða tveimur árum eftir að rekstrarhæfisgögnin voru samþykkt, hvor dagsetningin sem er síðar.

3. Viðaukum III og IV við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) xxxx/2012 er breytt eins og lýst er í viðauka við þessa reglugerð.

² Álit 07/2011.

³ (Á eftir að gefa út).

⁴ Fyrirhuguð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem setur fram kröfur og stjórnarsýsluferla tengda flugrekstri samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu, sem nú er verið að taka upp.

Grein 2

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, XXXX.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn

VIÐAUKI

1. Viðauka III (lið-ORO) við reglugerð (EB) nr. xxxx/2012 er breytt sem hér segir:
 - a. Í atriði ORO.GEN.160 er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(b) Án skerðingar á málsgrein (a) skal flugrekandi tilkynna lögbæra stjórnvaldinu og þeirri stofnun sem er ábyrg fyrir hönnun loftfarsins um öll tilvik, bilanir, tæknilega galla, þegar farið er út fyrir tæknilegar takmarkanir, atvik sem myndi undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar sem er að finna í skylduþáttum rekstrarhæfisgagna, sem útbúin voru í samræmi við reglugerð 1702/2003, eða aðrar óvenjulegar kringumstæður sem hafa eða gætu hafa stofnað öruggri starfrækslu loftfarsins í hættu og sem hafa ekki leitt til slyss eða alvarlegs tilviks.’
 - b. Í atriði ORO.MLR.105 er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(a) Listi yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment list - MEL) skal útbúinn, eins og tilgreint er í 8.a.3 í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008, á grundvelli viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (e. master minimum equipment list - MMEL), eins og hann er skilgreindur í skylduþætti rekstrarhæfisgagna sem útbúin eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003. Ef grunnlistinn er ekki fyrir hendi sem hluti af rekstrarhæfisgögnum, skal listinn yfir lágmarksbúnað grundvallaður á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað sem samþykktur er af ríki, sem flugrekandi heyrir undir eða þar sem hann skráður, eftir því sem við á.’
 - c. Í atriði ORO.MLR.105(j) er atriði (1) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(1) viðkomandi tæki, búnaður eða eiginleikar séu innan umfangs grunnlistans yfir lágmarksbúnað eins og hann er skilgreindur í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna sem komið var á laggirnar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003;’
 - d. Í atriði ORO.FC.140 er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(a) Flugáhafnarmedlimir, sem starfa á fleiri en einni tegund eða gerð loftfara, skulu uppfylla kröfurnar í þessum undirlið fyrir sérhverja tegund eða gerð, nema viðurkenningar tengdar þjálfun, eftirliti og nýlegri reynslu séu skilgreindar í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna sem komið var á laggirnar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 fyrir viðeigandi tegundir eða gerðir.’
 - e. Í atriði ORO.FC.145 er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(b) Þegar þjálfunaráætlunum og námsskrám er komið á laggirnar, skal flugrekandi taka tillit til skylduþáttanna fyrir viðeigandi tegund, eins og þeir eru skilgreindir í skylduhluta rekstrarhæfisgagnanna sem útbúin voru í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003.’
 - f. Í atriði ORO.FC.220(e), er atriðum (2) og (3) skipt út fyrir eftirfarandi:
 - ‘(2) ljúka flugtaki og landingu sex sinnum í flughermisþjálfunarbúnaði ekki síðar en 21 degi eftir lok hæfnisprófsins undir umsjón tegundaráritunarkennara fyrir flugvélar (type rating instructor for aeroplanes – TRI(A)) sem situr í hinu flugmannssætinu. Fjöldi er lýtur að flugtaki og landingu má minnka þegar viðurkenningar eru skilgreindar í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna sem

útbúin voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003. Ef ekki hefur verið lokið við þessi flugtök og landingar innan 21 dags, skal flugrekandi veita endurmenntunarbjálfun. Innihald slíkrar þjálfunar skal tilgreint í rekstrarhandbókinni.

- (3) ljúka flugtaki og landingu í fyrstu fjögur skiptin í flugi á flugleið undir umsjón í flugvélinni undir umsjón tegundaráritunarkennara fyrir flugvélar, sem situr í hinu flugmannssætinu. Draga má úr fjölda flugtaka og landinga þegar skilgreindar eru viðurkenningar í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.'

g. Í atriði ORO.CC.125 er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(b) Þegar þjálfunaráætlunum og námsskrám fyrir tegundaþjálfun og umbreytingarþjálfun flugrekanda er komið á laggirnar, skal flugrekandi, eins og hægt er, taka tillit til skylduþáttanna fyrir viðeigandi tegund, eins og þeir eru skilgreindir í skylduhluta rekstrarhæfisgagnanna sem útbúin voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.'

h. Í atriði ORO.CC.130 er atriði (c) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(c) Þegar þjálfunaráætlun og námsskrá er komið á laggirnar fyrir mismunarþjálfun á afbrigði af loftfarstegund sem rekið er, skal flugrekandi láta fylgja með, þar sem við á, skylduþætti fyrir viðeigandi loftfarstegund og afbrigði hennar, eins og þeir eru skilgreindir í rekstrarhæfisgögnum sem komið var á laggirnar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.'

i. Í atriði ORO.CC.250(b) er atriði (1) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(1) hvert loftfar sem tegund eða gerð, og taka eftir föngum tillit til viðeigandi skylduþátta í rekstrarhæfisgögnum, sem tilgreind voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 fyrir viðeigandi gerð eða tegund loftfars; og'

2. Viðauka V (lið-SPA) við reglugerð (EB) nr. xxxx/2012 er breytt sem hér segir:

a. Í atriði SPA.GEN.105(b) er atriði (2) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(2) að tekið hafi verið tillit til viðeigandi hluta, eins og þeir eru skilgreindir í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna (e. operational suitability data – OSD), sem komið var á laggirnar í samræmi við reglugerð (EB) 1702/2003.'

b. Í staðinn fyrir atriði SPA.GEN.120 kemur eftirfarandi:

'SPA.GEN.120 Áframhaldandi gildistími sérstaks samþykkis

Gefa skal út sérstök leyfi með ótakmörkuðum gildistíma og þau skulu haldast í gildi svo lengi sem flugrekandi sýnir fylgni við kröfurnar tengdum sérstaka leyfinu að teknu tilliti til viðeigandi hluta, sem skilgreindir eru í skylduþáttum rekstrarhæfisgagnanna, er útbúin voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.'